

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 242/1994.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Thanh Tuong Bui

(Stefán Pálsson hrl.)

Líkamsárás. Áfrýjunarstefna. Aðfinnslur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni með yfirlýsingu 15. apríl 1994. Fyrir Hæstarétti krefst hann þess þó aðeins að hljóta vægustu refsingu, er lög leyfa, og komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 21. nóvember 1993 til 18. apríl 1994 til frádráttar dæmdri refsingu. Af hálfu ákærvalds var málinu skotið til Hæstaréttar með stefnu 20. apríl 1994 til þyngingar refsingu. Ákærði hefur gengist við broti, sem héraðsdómari hefur heimfært til 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti kom fram, að ákærvald og ákærði sætta sig við þá heimfærslu til refsíákvæða. Ágreiningur er því einvörðungu um refsíákvörðun, og hefði því verið rétt að takmarka áfrýjun málsins við það atriði og geta þess í áfrýjunarstefnu samkvæmt 155. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 147. gr. sömu laga, eins og þau ákvæði hljóðuðu, er áfrýjun málsins var ráðin.

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi. Fram er komið, að ákærði, sem er fæddur í Víetnam, en hefur stöðu flóttamanns á Íslandi, var að „harka“ á bifreið, er hann hafði fengið lánaða. Hafði hann lagt bifreiðinni í stæði fyrir neðan Menntaskólann í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 21. nóvember 1993. Komu þá þar að fimm íslensk ungmenni, öll undir áhrifum áfengis, settust inn í bifreiðina og hugðust láta aka sér í Kópavog. Þar sem farþegarnir voru orðnir of margir fyrir bifreiðina, vildi ákærði ekki aka þeim, og kom til deilna, sem mögnuðust, líklegast að einhverju leyti vegna erfiðleika þeirra við að skilja hver annan. Vitnið Ragnar Ólafsson sat fyrir aft-

an ákærða í bifreiðinni. Hann hafði ætlað að greiða ökugjaldið með ávísun og taldi, að ákærði vildi ekki taka við henni. Hann fór því út úr bifreiðinni, opnaði framdyr hjá ákærða, og kom til átaka á milli þeirra, þar sem ákærði sat enn í ökumannssætinu. Er nokkuð óljóst, hvernig þau átök þróuðust eða hvenær ákærði var kominn með hníf í hendur. Telur Ragnar, að ákærði hafi strax haft hnífinn í höndum, en ákærði segir það hafa verið síðar. Ákærði segir, að Ragnar hafi slegið sig í auga, hann síðan komist út úr bifreiðinni, og hafi Ragnar þá sótt lyklakippu í vasann og slegið sig í ennið. Við það hafi komið skurður á enni sitt og mikið blætt úr honum. Er þetta stutt vottorði Leifs Jónssonar, læknis á slysavardstofu Borgarspítalans, en þar segir meðal annars: „Blóðugur er hann á enni svo og með mar á hæ. augabrún og augnaloki. 2 cm skurður er í hársverði upp af miðju enni.“ Í lok vottorðsins segir svo: „Áverkar þessir geta samrýmst því, að sjúkl. hafi fengið tvö fremur en eitt högg í andlitið.“ Ákærði kveðst síðan hafa fallið í götuna, og hafi fólk verið í kringum sig og sparkað í sig. Er það stutt vætti vitna, að fólk hafi hópast að honum. Ákærði kveðst þá hafa farið aftur inn í bifreiðina, en búið hafi verið að taka kveikjúlásslyklana. Ákærði kveðst hafa tekið hníf, sem hann geymdi í bílnum. Hann hafi séð, hvar Ragnar stóð rétt við bílinn, og hafi Ragnar hlaupið frá, en fallið um gangstéttarbrún og legið á grúfu. Ákærði réðst að Ragnari og stakk í hægri upphandlegg hans með hnífi. Gekk hnífurinn í gegnum ölnartaug, vöðva rétt framan við upphandleggsbein og slagæð með þeirri afleiðingu, að Ragnar hlaut lífshættulega blæðingu, eins og segir í ákæru.

Verður að fallast á það með héraðsdómi, að þegar ákærði stakk Ragnar með hnífnum á þann veg, sem hann er ákærður fyrir, hafi hann ekki verið í hættu eða átt hendur sínar að verja. Hins vegar er það nægjanlega stutt læknisvottorði og framburði vitna, að áður en til þess kom, hafði Ragnar veist að ákærða og slasað hann svo, að honum blæddi verulega. Verður því með hliðsjón af síðari málslið 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga tekið tillit til þessa við refsí-ákvörðun. Þá verður að leggja þá frásögn ákærða til grundvallar, að honum hafi þótt sér ógnað af framkomu ungmenntanna, og gæta verður þess, að hann skildi þau illa. Samkvæmt framanskráðu og að teknu tilliti til ákvæða VIII. kafla almennra hegningarlaga um þau atriði, sem áhrif eiga að hafa á refsihæðina, þykir refsing ákærða

hæfilega ákvæðin fangelsi í 18 mánuði. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar, sem stóð til 18. apríl 1994. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Rannsókn lögreglu á máli þessu fór í upphafi í nokkrum atriðum úrskaiðis. Í 65. gr. stjórnaðskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir meðal annars: „Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undan-dráttar leiða fyrir dómara.“ Ákærði var handtekinn kl. 3.38 aðfaranótt sunnudagsins 21. nóvember 1993. Hann var þó ekki leiddur fyrir dómara fyrr en kl. 10.50 mánudaginn 22. nóvember. Á þessu hefur ekki verið gefin haldbær skýring. Ákærði bar áverka, er hann var handtekinn, en samkvæmt framlögðu vottorði læknis var ekki komið með hann á slysadeild Borgarspítalans til aðhlynningar fyrr en kl. 15.20 á sunnudeginum. Nokkru eftir handtöku ákærða voru tekin sýni af blóði á höndum hans. Við sama tækifæri, að því er virðist, voru teknar af honum myndir, þar sem hann er blóðugur á höndum og í andliti. Án sýnilegrar ástæðu voru myndir þessar teknar af ákærða klæðlitlum. Þá þykir á skorta, að nægilega hafi verið að því gætt við upphaf rannsóknar að athuga allt, er varpað gæti ljósi á, hvað leiddi til þeirra atburða sem eru tilefni ákæru í máli þessu. Sérstaklega bar að kanna, hvort bifreið ákærða væri skemmd, en hann hefur borið, að í hana hafi verið sparkað. Þá bar að athuga strax, á hvern hátt ákærði hlaut áverka sinn. Verður ekki hjá því komist að finna að öllum þessum atriðum.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Thanh Tuong Bui, sæti fangelsi í 18 mánuði. Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 21. nóvember 1993 til 18. apríl 1994 komi til frádráttar refsingu með fullri dagatölu.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmans, 70.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i
Péturs Kr. Hafstein

Við refsíákvörðun er rétt að líta til þess, að ákærði hafði átt í átökum við Ragnar Ólafsson, en telja verður hinn síðarnefnda hafa átt upptök að þeim, sbr. niðurlagsákvæði 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Framvinda átakanna er næsta óljós. Þó verður að telja það rétt mat héraðsdómara, að þau þáttaskil hafi verið orðin í þessum stimpingum, að ákærði hafi, þegar hér var komið, átt alls kostar við Ragnar Ólafsson, sem lagður var á flóttu. Eigi verður séð, að ákærða hafi þá staðið ógn af öðrum, enda vopnaður háskalegum hnífi. Hann kaus við þessar aðstæður að veita Ragnari eftirför og lagði til hans með hnífnum, þar sem hann lá á grúfu í götunni. Árásin var einkum stórfelld vegna vopnsins og þeirrar aðstöðu, sem ákærði var í gagnvart árásarþola, er hann veitti honum lífshættulega áverka. Að teknu tilliti til alls þessa er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár, og komi gæsluvarðhaldsvist hans til frádráttar.

Ég er samþykkur athugasemdum annarra dómara um áfrýjun málsins og aðfinnslum þeirra í garð lögreglu.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. mars 1994.

Ár 1994, mánudaginn 21. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-143/1994: Ákærvaldið gegn Thanh Tuong Bui, sem dómtekið var 15. þ. m.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. febrúar 1994, „á hendur Thanh Tuong Bui, Skúlagötu 62, Reykjavík, fæddum 10. febrúar 1959, fæðingarnúmer 214, fyrir tilraun til manndráps með því að hafa í Lækjargötu í Reykjavík um kl. 3.30 aðfaranótt sunnudagsins 21. nóvember 1993 ráðist á Ragnar Ólafsson, kt. 170771-3939, sem lá þar í götunni, og stungið hann með hnífi í gegnum hægri upphandlegg, og gekk hnífurinn í gegnum ölnartaug, vöðva rétt framan við upphandleggsbein og slagæð (ars brachialis) með þeim afleiðingum, að Ragnar hlaut lífshættulega blæðingu, en Ragnar hafði dottið í götuna á flóttu undan ákærða eftir átök, sem urðu á milli þeirra.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Málsatvik.

Aðfaranótt sunnudagsins 21. nóvember 1993 kl. 3.38 voru lögreglumenn staddir á Lækjartorgi í Reykjavík, og komu þá tveir æstir menn og sögðu, að Vítínamar væru að stinga fólki. Lögreglumenn fóru á vettvang, sem var í Lækjargötu neðan við Menntaskólann í Reykjavík. Þar var bifreið, sem ákærði hafði ekið, R-21212, en ákærði hafði bifreið þessa að láni. Þar voru einnig ákærði og samlandi hans, Lang Quang Le. Þar hjá var mikið af fólki, sem sagði, að þeir hefðu stungið fólki með hnífi þarna á staðnum. Ákærði var alblóðugur í framan og fatnaður hans einnig. Ragnar Ólafsson, kt. 190771-3939, Klapparási 6, Reykjavík, var á umferðareyju í Lækjargötunni, og blæddi mikið úr hægri upphandlegg hans. Var strax reynt að stöðva blæðinguna og hann síðan fluttur á slysadeild. Á túninu fyrir neðan Menntaskólann lá annar maður, Hlynur Eggertsson, og var hann einnig fluttur á slysadeild, en hann hafði einnig verið stunginn.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa stungið vitnið Ragnar Ólafsson í handlegg, eins og lýst er í ákæru. Hann lýsti aðdraganda þess þannig, að hann hefði lagt bifreiðinni R-21212, sem er af Honda Civic-gerð, en skráður eigandi hennar var Long Viet Vo, í staði strætisvagna, sem er fyrir neðan Menntaskólann í Reykjavík. Hafði fólki sest inn í bifreiðina og hann sagði því, að það kostaði 1.000 krónur að aka því. Einn úr hópnum hefði hafið að skrifa tékka, en ákærði sagði, að hann vildi einungis peninga. Þá hafði stúlka komið inn í bifreiðina og farþegar þá orðnir 5. Einn hafi setið í farþegasæti, en fjórir aftur í. Kom þá til orðaskipta með ákærða og þeim, er sat fyrir aftan ákærða. Sá fór allt í einu út úr bifreiðinni og sparkaði í bílstjórachurðina og opnaði hana. Hafi það verið vitnið Ragnar Ólafsson. Sagði ákærði, að hann hefði slegið sig í auga. Ákærði hefði komist út úr bifreiðinni, og fyrir utan hana hefði Ragnar slegið ákærða í ennið með lyklakippu sem hann hefði sótt í vasa sinn. Við það hefði komið skurður á enni ákærða og blætt mikið úr honum. Ákærði sagðist hafa fallið í götuna og fólki verið í kringum sig og sparkað í sig. Skyndilega hefði það hætt, og sagðist ákærði hafa séð, að samlandi sinn, Lang að nafni, hefði komið að í bifreið. Hefði ákærði kallað: „Lang, hjálpaðu mér!“ Ekki vissi ákærði, hvað svo varð um Lang þennan. Eftir þetta hefði hann farið í bifreiðina aftur til að aka á brott, en kveikjulaslyklarnir þá ekki verið lengur á sínum stað. Ákærði sagðist hafa geymt hníf í bílnum og farið út úr honum með hnífinn. Sá ákærði þá, hvar Ragnar stóð rétt við bílinn, og þegar Ragnar sá hnífinn, hefði hann hlaupið á brott, en dottið. Nánar aðspurður um þetta sagði ákærði, að Ragnar hefði fallið um gangstéttarbrúnina, dottið niður og legið á grúfu. Ekki sagðist ákærði hafa séð nákvæmlega, hvar hnífslagið lenti í Ragnari, þar sem

blæddi úr ákærða, en vissi, að það fór í handlegg. Hann sagði, að þegar Ragnar datt, hefði hann ákveðið, að hann ætlaði að stinga hann og það í handlegginn. Hann sagði, að Ragnar hefði legið rétt aftan við bílinn, 1–2 metra. Aðspurður um, hver hefði verið tilgangur hans með því að stinga Ragnar, sagði ákærði, að þegar hann stakk Ragnar í handlegginn, hefði hann ekki ætlað að drepa hann, bara viljað gera eitthvað til að stöðva hann, en ákærði hefði fundið mikið til, eftir að Ragnar sló hann. Þá sagði ákærði, að hann hefði hugsað á þá lund, að ef hann styngi Ragnar, kæmi lögreglan og sæi, að þessi maður hefði barið sig.

Vitnið Ragnar Ólafsson sagði í skýrslu sinni, að þau hefðu sest inn í bifreiðina, en ákærði sagt þeim, að það kostaði 1.000 krónur að aka þeim, en þau ætluðu í Kópavog. Ekkert þeirra hefði haft peninga, en vitnið hafði tékkhefti sitt meðferðis og hugðist skrifa tékka. Ágreiningur hefði orðið við ákærða vegna þess. Reyndar sagði vitnið, að erfitt hefði verið að skilja ákærða, og sagðist vitnið hafa farið út úr bifreiðinni og ætlað að sýna honum tékkheftið, opnað framdyr bílstjóra megin eða beygt sig inn um rúðuopið. Hefði komið til stimpinga með sér og ákærða, og sagði vitnið, að ákærði hefði stungið sig í vinstri handlegg, er hann var ennþá inni í bílnum, að því er vitnið hélt, en vitnið sagðist hafa tekið eftir því, að hann var kominn með stungusár á vinstri handlegg, er ákærði var staðinn upp. Þá hefði hann séð hnífinn og einhver hrópað: „Hnífur!“ Þetta hefði gerst mjög snögg. Vitnið sagðist síðan hafa lagt á flóttu, en ekki komist langt frá bílnum, eina 5 metra eða svo, dottið, og þar hefði ákærði stungið sig aftur í hægri handlegg. Ákærði hefði þá farið eitthvað á brott og vitnið staðið upp, og síðan hefði lögreglan komið. Vitnið sagði, að þegar ákærði stakk hann í seinna skiptið, hefði hann legið á hnjánum og sett hendurnar fyrir sig, þegar lagið kom í sig. Hann hefði verið nýdottinn. Hann hefði séð hnífslagið og fundið, að það kom í sig. Ekki sagðist vitnið þora að fara með það, hvernig ákærði lagði til sín með hnífnum. Nánar aðspurður sagði vitnið, að hann hefði ekki haft neina lyklakippu á sér og að ákærði hefði staðið upp sjálfur og átök orðið, er ákærði var kominn út úr bílnum, og þá hefði ákærði verið kominn með hníf. Vitnið kvað það vel geta verið, að hann hefði komið höggi á ákærða fyrir utan bílinn. Ekki kvaðst vitnið muna til, að ákærði hefði legið í götunni.

Vitnið Hlynur Eggertsson sagðist hafa verið í aftursæti bifreiðarinnar. Ákærði hefði ekki viljað taka við tékka frá Ragnari og ekki viljað aka nema gegn staðgreiðslu. Vitnið minnti, að eitthvað hefði verið rætt um, að of margir væru í bílnum. Ragnar og ákærði hefðu skipst á orðum og einhverjar stimpingar orðið, og ekki vissi vitnið fyrr en allir voru komnir út úr

bílnum og Valgeir hefði hrópað: „Hann er með hníf!“ eða eitthvað í þá átt. Nánar aðspurður sagði vitnið, að það hefði farið í skapið á Ragnari, að ákærði vildi ekki tékka. Ragnar hefði farið út úr bílnum og opnað dyrnar og þeir verið að rífast, og vitnið heyrði, að ákærði væri með hníf, og allir stokkið út. Ákærði hefði setið í sætinu og þeir Ragnar tekist á. Vitnið hefði hlaupið í burt og ekki séð meira af átökum ákærða og Ragnars, né heldur sagðist hann hafa séð hníf þá.

Vitnið Pálmar Harðarson sagðist hafa verið í farþegasæti frammi í bifreiðinni og heyrt, að ákærði vildi ekki taka við tékka af Ragnari. Hafi Ragnar rokið út úr bílnum, og síðan hafi hann heyrt kallað: „Hnífur!“ og rokið út og séð ákærða með hníf og allan í blóði. Hefðu Ragnar og ákærði staðið vinstra megin við bílinn. Ákærði hefði verið alblóðugur í framan. Ekki sá vitnið nein átök fyrir utan bílinn og ekki, er Ragnar var stunginn. Hann sagðist hafa hlaupið til lögreglu og tilkynnt um hnífstunguna.

Vitnið Valgeir Júlíus Birch sagðist hafa sest í aftursæti bifreiðarinnar. Hann sagði, að ósætti hefði komið upp vegna þess, að ákærði hefði ekki viljað taka við ávísun. Ragnar hefði stokkið út úr bílnum og opnað bíldyrnar og farið að öskra á ákærða, og sagðist vitnið hafa séð ákærða taka upp hnífinn og vitnið sagt, að það væri hnífur í gangi, og þau þá spröttið út úr bílnum. Vitnið sagðist hafa verið að hlaupa í burtu og dottið í götuna og Ragnar á vitnið. Vitnið sagðist ekki hafa séð ákærða stinga Ragnar. Þá sagði vitnið, að eftir að Ragnar hefði verið stunginn, hefði maður farið inn í bílinn og tekið lyklna.

Vitnið Rakel Sveinsdóttir var í bílnum og sat í aftursæti. Ákærði hefði viljað fá greitt fyrir fram og sagt þeim að koma sér út, og allt í einu hefði verið öskrað: „Hann er með hníf!“ Vitnið sagðist hafa gengið á brott og heyrt, að Ragnar hefði verið stunginn, en sá ekki, er það gerðist.

Vitnið Leifur Sæmundsson var á ferð í Lækjargötu umrætt sinn. Hann lánaði manni penna og kvaðst hafa verið hálfur inni í bifreiðinni. Hann sagði, að sá, sem fékk pennann lánaðan, hefði rifið upp dyrnar hjá bílstjórnum, og sýndist vitninu sem hann ætlaði að draga bílstjórnann út og lemja hann. Þá hefði bílstjórinn dregið upp hníf og hlaupið á eftir honum og höggvið til hans tvisvar. Nánar aðspurt sagði vitnið, að eftir að ökumaður neitaði að taka við tékkanum, hefði Ragnar farið út úr bílnum, og sá vitnið örskömmu seinna, að ákærði hljóp á eftir Ragnari með hnífinn á lofti. Vitnið minnti, að Ragnar hefði tekið í ákærða, þar sem hann sat inni í bílnum. Vitnið sá ekki hnífinn, fyrr en eftir að Ragnar lá í götunni. Þeir Ragnar og ákærði hefðu hlaupið eftir gangstéttinni til suðurs. Vitnið sá ákærða leggja

til Ragnars, og hefði Ragnar einhvern veginn verið að hægja á sér og ákærði komið og höggvið til hans aftan frá. Eftir það hefði vitnið tekið kveikjulásslykilinn úr bílnum. Sagðist vitnið hafa séð hnífinn eftir þetta og sagði, að hann væri „pottþéttur á því“, að ákærði hefði verið búinn að stinga Ragnar, þegar vitnið tók kveikjulásslyklana. Vitnið sá, að ákærði var alblóðugur í framan, er hann kom til baka að leita að lyklunum í bílnum.

Vitnið Þórhallur Hákonarson sagði frá því, að hann hefði verið á ferð í Lækjargötu ásamt vini sínum og verið að ganga norður götuna austan megin, þegar hann sá bíl, sem stóð kyrr, og fólk við hann og að eitthvað var að gerast. Sá vitnið, að ryskingar voru í gangi milli Víetnama og Íslendinga, sem slegið hefði til Víetnamans, sem stóð við bíldyrnar. Vitnið sagði hann hafa brjálást og verið eitthvað að streitast á móti. Annar maður hefði verið að reyna að stífa þeim í sundur. Virtist vitninu átökin vera á milli tveggja manna. Skyndilega hefðu allir farið frá og einn Íslendingurinn hrasað og snúið baki í skottið á bílnum. Víetnaminn hefði þá komið og eins og stungið manninn í bakið, að því er vitninu virtist. Einhver hefði hrópað: „Hann er með hníf!“ – eða eitthvað í þá átt. Hefði Víetnaminn verið mjög æstur og haldið á hníf. Annar Víetnami hefði komið á vettvang með kylfu eftir árásina á Ragnar, að því er vitnið sagði, og virtist vera að róa menn. Vitnið sagði, að Íslendingurinn hefði legið í götunni á hægri hlið og snúið baki í bifreiðina. Hann sagðist hafa séð blóð á Víetnamanum, eftir að lögreglan var komin á vettvang.

Vitnið Óskar Rúnar Harðarson sagði frá því, að hann hefði verið á gangi í Lækjargötu umrætt sinn. Hefði hann þá séð bíl, sem hafði numið staðar. Sá hann bílstjórann koma út, og einnig hefðu fleiri menn komið út úr bílnum og staðið í kringum ökumanninn. Sá vitnið, að bílstjórinn var blóðugur í andliti, og minnti, að hann hefði verið sleginn. Tók bílstjórinn æðiskast, að því er vitnið sagði, og sá vitnið hníf á lofti, og hefðu þá Íslendingarnir forðað sér. Bílstjórinn hefði elt þá, og sá vitnið, að einn þeirra datt fyrir aftan bílinn og að bílstjórinn hafði stungið hann.

Vitnið Edwald Örn Jóhannesson var á gangi í Lækjargötu umrætt sinn. Hann sá, að bíl hafði verið lagt við gangstéttarbrún, afturðyr opnar og fólk í kring. Sá vitnið, að bílstjóraturinn var rifin upp og maður dreginn út og laminn og féll við. Síðan stóð maðurinn upp, og sýndist vitninu hann blóðugur í framan. Síðan urðu ryskingar með honum og manninum, sem dró hann út, en hann og annar til hefðu svo stokkið í burtu og hlaupið að gangstéttarbrún, þar sem þeir dattu, og ákærði veist að þeim þar. Vitnið stóð eina 5–10 metra frá bílnum, er þetta gerðist. Hefði bílstjórinn stokkið á

mennina og lamið þá tvisvar eða eitthvað álíka. Nánar aðspurt sagði vitnið, að ökumaðurinn hefði verið að elta mennina, er þeir duttu.

Hnífur sá, er ákærði beitti, er með 10 sentímetra löngu blaði og plastskafi, alls 21 sm að lengd.

Í vottorði Leifs Jónssonar, læknis á slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans, segir m. a. um meiðsli ákærða: „Blóðugur er hann á enni svo og með mar á hæ. augabrún og augnaloki. 2 cm skurður er í hársverði upp af miðju enni. Sjúkl. er vel vakandi og hinn hressasti að sjá.“

Í rannsóknargögnum segir, að lögfræðingur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hafi haft samband við lækni þann, sem framkvæmdi skurðaðgerð á vitninu Ragnari, og í yfirlýsingu, dagsettri 21. nóvember 1993, segir, að læknirinn hafi sagt, að við komu á slysadeild hafi Ragnar haft áverka á hægri upphandlegg eftir eitt stungusár. Stungan var nánast í gegnum upphandlegginn, og skar hún í sundur vöðva, aðalslagæð í handlegg og auk þess eina af þremur megintaugum í handleggnum. . . . Þá hafi Ragnar einnig haft minni háttar áverka á vinstri handlegg, sem líklega sé af völdum hnífstungu.

Í vottorði Magnúsar Páls Albertssonar, dagsettu 1. desember, um meiðsli vitninsins Ragnars Ólafssonar segir m. a.:

„Í þeirri aðgerð, sem á eftir fylgdi og var framkvæmd af Rögnvaldi Þorleifssyni og undirrituðum, kom í ljós, að sárið eftir hnífinn var staðsett framanvert utanvert á neðri enda upphandleggs og var um 4 cm að lengd. Við þreifingu í sárið var greinilegt, að hnífurinn hafði gengið þvert í gegnum upphandlegginn rétt framan við upphandleggsbeinið, og náði sárið út undir húð á innanverðum upphandleggnum. Í aðgerðinni kom í ljós, að ölnartaug (n. ulnaris), sem liggur innanvert í upphandleggnum, var sundur skorin. Sveifartaug (n. radialis), sem liggur utanvert og aftanvert í upphandleggnum, lá rétt utan við sárið og var heil. Miðtaug (n. medianus) lá framan við sárið alveg í sárkantinum innanvert í upphandleggnum og virtist ekki skemmd við skoðun. Upparmsslagæð (a. brachialis) var sundur skorin að mestu leyti í sárinu, en hún liggur innanvert í upphandleggnum. Að auki voru sundur skornir vöðvar framanvert í upphandleggnum, einkanlega tvíhöfði (m. biceps). Gert var við ölnartaugina og endar hennar saumaðir saman. Gert var við áverkann á upparmsslagæðinni, og var hún saumuð saman aftur, en hún hafði að megninu til verið sundur skorin. Að lokinni aðgerð voru lagðar umbúðir á handlegg Ragnars svo og gifsspelka, og það fengust góðir púlsar fram í höndina eftir aðgerðina, en púlsa hafði ekki verið hægt að finna við úlnlið fyrir aðgerð. Lagðist hann síðan inn á slysadeild Borgarspítala og útskrifaðist 23/11 '93 til síns heima.

Álit.

Áverki sá, sem Ragnar hefur orðið fyrir, er alvarlegur, og var hann upphaflega beinlínis lífshættulegur, þar sem Ragnari hefði hæglega getað blætt út, ef ekki hefði verið gripið inn í fljótt á slysstað. Að vísu voru lífsmörk stöðug, þegar hann var kominn hér á spítalann, en hann var farinn að lækka í blóðþrýsting (90 í systolu). Lífshættan, sem fylgir þessum áverkum, byggist fyrst og fremst á því, að upparms-slagæðin var ekki skorin algjörlega í sundur; ef svo hefði verið, hefði blæðingin væntanlega minnkað fljótlega, er æðin dró sig saman. Þar sem æðin var einungis sundur skorin að hluta, var slíkt ekki mögulegt og því veruleg hætta á því, að Ragnari blæddi út, ef ekki hefði verið gripið inn í snögg.

Annað atriði, sem gerir áverkann alvarlegan, er sundur skorin ölnartaug, en það er vel þekkt, að þótt að einhverju leyti komi aftur snertiskyn á svæði ölnartaugar, þ. e. litlafingur og hálfan baugfingur, að þá verði slíkt snertiskyn aldrei eðlilegt, og einnig er líklegt, að á þeim 1–2 árum, sem tekur fyrir ölnartaugina að vaxa fram í hönd aftur, að þá bíði vöðvar þeir, sem ölnartaugin sér um, tjón, sem ekki verður bætt aftur, og þannig minnki hugsanlega í framtíðinni stjórn á finhreyfingum í hendinni.

Ragnar hafði eftir aðgerðina vissa dofatilfinningu á svæði miðtaugar, sem eru þumall, vísifingur, langatöng og hálfur baugfingur. Snertiskynið var ekki upphafið þar, í aðgerðinni hafði ekki sést neinn áverki á miðtaug, þannig að ekki er ólíklegt, að þessi dofi lagist með tímanum.“

Í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar læknis, dagsettu 28. febrúar sl., segir m. a.:

„Í ljós kom eftir aðgerðina, að miðtaug (n. medianus) starfaði ekki eðlilega, og var það óvænt. Talið var, að taugin hefði verið könnuð nægilega við frumaðgerð og ekki sést á henni áverkum.

Við eftirlit á slysadeild 3. desember reyndist starfsemi miðtaugar ekki hafa batnað. Gripstyrkur hægri handar var þannig verulega veiklaður, og tilfinning í þeim hluta handarinnar, sem miðtaugin annast, var sljó. Til álita sýndist þá koma að kanna miðtaugina að nýju á áverkastað á upphandlegg, ef vera mætti, að taugin hefði þar orðið fyrir einhverjum áverkum, sem sést hefði yfir við upphafsáðgerð. Í annan stað gæti ýtarleg könnun á tauginni gefið til kynna batahorfur, þegar til lengri tíma væri litið. Niðurstaðan varð því sú að kanna taugina að nýju og sjúkl. lagður inn á slysadeild til þeirrar aðgerðar 7. desember. Opnað var inn á taugina á áverkastað og farið í gegnum örið eftir fyrri aðgerð. Taugin var rakin vendilega frá aðliggjandi vefjum á áverkastað og ofurlítið upp fyrir og niður fyrir áverkastaðinn. Taugin var ýtarlega skoðuð, en engin merki fundust um, að hún hefði orðið

fyrir skurðáverka. U. þ. b. 3 cm langur kafli á tauginni var hins vegar ívið harðari átöku en taugin var a. ö. l. Þetta gat bent til þess, að hún hefði orðið fyrir vægum maráverka þarna. Ytra byrði taugarinnar (epineurium) var klofið upp á þessum kafa til þess að slaka á taugabáttunum, sem gátu verið undir þrýstingi þarna. Frekar var ekki aðhafst, en sárinu lokað. Hér var um fremur minni háttar aðgerð að ræða, og hélt sjúkl. heim að kvöldi aðgerðardags. Ragnar hefur tvívegis komið til eftirlits á slysadeildina eftir þessa aðgerð, þ. e. a. s. 20. desember og 17. janúar sl.

...

Endanlegar afleiðingar af áverka þeim, er Ragnar hlaut 21. nóvember sl., eru enn ekki að öllu leyti fyrir séðar. Starfsemi miðtaugar ætti að geta orðið eðlileg eða nær eðlileg, en starfsemi ölnartaugar verður fyrirsjáanlega mjög gölluð til allrar frambúðar. Hverfandi líkur er þannig á því, að þeir smávöðvar handarinnar, sem ölnartaugin annast, eigi eftir að ná sér að neinu marki, en þessir vöðvar sjá m. a. um aðfærslu og fráfærslu fingranna og hafa mikla þýðingu fyrir nákvæmt grip um litla hluti. Fremur er ólíklegt, að sjúkl. fái aftur tilfinningu í litlafingur og hálfan baugfingur, en það skiptir minna máli en gölluð vöðvastarfsemi í hendinni. Í þriðja lagi stýrir ölnartaug hluta af djúpa kreppivöðva fingranna (flexor digitorum profundus), þ. e. a. s. þeim hluta, sem kreppir litlafingur og að nokkru baugfingur. Allgóð von er til þess, að þessi vöðvastarfsemi fari batnandi. Kreppistyrkur litlafingurs og baugfingurs verður þó vafalítið eitthvað veiklaður til frambúðar.

Von er til þess, að einhver bataþróun verði í eitt og hálft ár, og þá fyrst verður hægt að meta af nákvæmni endanlegar afleiðingar verknaðarins.“

Niðurstaða.

Að sögn ákærða sjálfs elti hann vitnið Ragnar Ólafsson uppi beinlínis til þess að leggja til hans með hnífi. Vitnið Ragnar lá þá í götunni og hafði hlaupið undan ákærða sem og aðrir viðstaddir, er þeir urðu þess áskynja, að ákærði hafði hníf í hendi. Við þær aðstæður verður ekki séð, að ákærði hafi verið í hættu eða átt hendur að verja. Þvert á móti verður ekki annað séð en hann hefði átt þess kost að hverfa af vettvangi, hafi hann talið, að sér væri hætta búin. Þess í stað kaus ákærði að leggja til vitnisins Ragnars með hnífi. Sár vitnisins gátu leitt til bana þess, hefði dregist að koma því undir læknishendur. Ákærði sagði í skýrslu sinni fyrir dómi, að hann hefði ætlað að stinga vitnið Ragnar í handlegg og alls ekki vakað fyrir sér að ráða Ragnari bana.

Með tilliti til þessarar frásagnar ákærða og þess, að vitnið lá á grúfu eða hliðinni og að ákærði hefði getað stungið í bol Ragnars, hefði hugur hans

staðið til þess, þykir ekki komin fram sönnun um, að brot ákærða heyrir undir 211. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga.

Hins vegar gerðist ákærði brotlegur við ákvæði 2. mgr. 218. gr. hegningarlaganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1980, með verknaði sínum, en við munnlegan flutning málsins var um þetta fjallað, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um brot á refsilögum, svo að kunnugt sé.

Ákærði veittist að vitninu Ragnari Ólafssyni með hnífi og veitti honum áverka, sem hefði getað leitt til þess, að vitninu hefði blætt út, fengi það ekki meðferð. Þá má ætla, að vitnið hljóti varanlega örorku vegna atlögu ákærða. Þegar litið er til þessa, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár og 6 mánuði, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 21. nóvember sl. komi til frádráttar refsingu með fullri dagatölu.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., svo og þóknun til Stefáns fyrir réttargæslu, samtals 200.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Thanh Tuong Bui, sæti fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 21. nóvember 1993 til dómsuppsögu komi til frádráttar refsingu með fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun og þóknun vegna réttargæslu til skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., 200.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur.